

AUGLÝSING

um styrki samkvæmt lögum um fávítastofnanir.

Samkvæmt 5. gr. laga um fávítastofnanir nr. 53/1967 hefur styrkur á hvern dvalardag frá og með 1. júlí 1970 verið ákveðinn, sem hér segir:

Fávítahæli ríkisins, Kópavogi	kr. 580.00
Barnaheimili Templara, fávítahæli, Skálatúni	— 500.00
Vistheimilið Sólborg, Akureyri	— 500.00
Barnaheimilið Sólheimar, fávítahæli, Hverakoti, Árnessýslu ..	— 450.00
Barnaheimilið Tjaldanes, fávítahæli, Mosfellshreppi	— 450.00
Dagheimili Styrktarfélags vangefinna, Lyngáasi, Reykjavík, og dagvistadeildir fávíta	— 350.00

Í heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu, 17. ágúst 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.

1. september 1970.

Nr. 199.

REGLUR

um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

1. gr.

Reglur þessar gilda um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og annarra, sem ferðast innanlands eða utan á vegum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Ferðalög innanlands.

2. gr.

Fargjöld á ferðalögum innanlands skulu greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem farmiði eða fargjaldakvittanir.

3. gr.

Ríkisstarfsmenn fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað á ferðalögum innanlands eftir reikningi, sem úrskurðast af forstöðumanni viðkomandi stofnunar, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem gistihúsareikningur, kvittanir frá matarfélögum o. þ. h.

Þegar erfitt er að fá reikninga um fæðis- og gistikostnað, má greiða dagpeninga eins og segir í 10. gr. I.

Sé verið heima um nætur, en hálfur vinnudagur eða meira unninn svo langt frá heimili, að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis, enda sé ekki um fastan vinnustað að ræða, skal greiða fæðiskostnað eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn.

4. gr.

Ef ferðakostnaður skv. 2. og 3. gr. er að einhverju leyti óeðlilegur eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að greiða það, sem um of er eytt. Ríkisendurskoðuninni er skylt að krefjast fullnægjandi reikninga yfir kostnaðinn.